

Tónleikar í Norræna húsinu

Í KVÖLD halda Freyr Sigurjónsson og Anna Guðný Guðmundsdóttir tónleika í Norræna húsinu klukkan 20.30.

Eftir að hafa lokið prófi úr Tónlistarskólanum í Reykjavík héldu bæði utan til frekara náms í Englandi, Anna Guðný í píanóleik við Guildhall School of Music and Drama í London, og Freyr í flautuleik við Royal Northern College of Music í Manchester.

Á efnisskrá eru verk eftir tónskáldin Couperin, Pixis, Widor, Martinu og Jolivet.



Messað í grunni Víðistaðakirkju

FYRIR RÉTTU ári var tekin fyrsta skóflustunga að væntanlegri Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Grunnur kirkjunnar er nú uppsteypur og verður haldið áfram með bygginguna eftir því sem fé hrekkur til. A sumardaginn fyrsta er ráðgert að messa á grunni kirkjunnar og verða við þá athöfn skírd tvö börn.

Ef veður verður óhagstætt verður athöfnin færð inn í Víðistaðaskóla, sem stendur skammt frá væntanlegri kirkju. Við athöfnina munu auk sóknarprests þjóna þeir

sr. Gunnþór Ingason og sr. Ingólfur Guðmundsson. Að lokinni athöfninni verður kaffisala Systrafélags Víðistaðaskólar og fer hún fram í Víðistaðaskóla. Þar verður og dregið í byggingarhappdrætti kirkjunnar. Það er von allra, sem að framkvæmd þessa vinna, að sem flestir leggi leið sína á sumardaginn fyrsta á kirkjustæðið, njóti þar guðsþjónustu og fái sér í leiðinni sumarkaffi hjá Systrafélaginu.

Sigurður H. Guðmundsson.

Grund í Eyjafirði og Hvítárvellir til sölu

Hjá fasteignasölu Eignamiðlun í Reykjavík eru nú til sölu tvær konnar jarðir, Grund í Eyjafirði og Hvítárvellir í Borgarfirði. Jarðirnar bera raunar nöfnin Grund II og Hvítárvellir II, þar sem þeim hefur báðum verið skipt, og er aðeins annar hlutinn til sölu í báðum tilvikum.

Grund í Eyjafirði er ein af kunnustu jörðum á Íslandi, og þar hafa löngum búið þjóðkunnir menn, og þar hefur verið rekið mikið bú fram á síðari ár. Jörðin er í miðjum Eyjafirði, einu frjósamasta landbúnaðarhéraði landsins, og ræktað land á Grund II er milli 80 og 100 hektarar.

Hvítárvellir II í Borgarfirði er kunn laxveiðijörð, en jörðin á land bæði að Hvítá og Grímsá. Landrými

er um 190 ha., þar af um 28 ha. fullræktaðs lands. Jörðin er húsalaus, að öðru leyti en því að veiðihús er við ármót Hvítár og Grímsár.

Margir kannast einnig við Hvítárvelli, af því að þar bjó á sinni tíð hinn kunnir umsvifamaður, er á Íslandi hefur jafnan verið nefndur „Baróninn á Hvítárvöllum, en við hann er Barónstígur í Reykjavík einnig kenndur.

Sverrir Kristinsson á Eignamiðluninni sagði í samtali við blm. Morgunblaðsins í gær, að erfitt væri að setja verð á jarðir þessar eða verðleggja þær nákvæmlega. Ljóst væri þó, að um væri að ræða milljónir króna í báðum tilvikum, hundruðir milljóna gamalla króna.

Dalbrautarheimilið:

Opið hús hjá öldruðum

Í DAG, sumardaginn fyrsta, verður opið hús í Þjónustubúðum aldraðra, Dalbraut 27 í Reykjavík.

Dagskráin hefst klukkan 13.45 með leik skólahljómsveitar Laugarnesskóla. Klukkan 14.00 verður húsið opnað fólki til sýnis og verð-

ur forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, heidursgestur. Gefst fólki tækifæri til að skoða húsið og kynnast starfseminni sem þar fer fram allt til klukkan 18.00.

Þá verður selt kaffi og meðlæti og rennur allur ágóði til kaupa á myndbandi fyrir íbúa hússins.

Megrúnarnámskeið

Vegna mjög mikillar eftirspurnar hefst nýtt megrúnarnámskeið 29. apríl (bandarískt megrúnarnámskeið sem hefur notið mikilla vinsælda og gefið mjög góðan árangur). Námskeiðið veitir: alhliða fræðslu um hollar lífsvenjur og vel samsett mataræði, sem getur samrýmt vel skipulögðu, venjulegu heimilismataræði.

Námskeiðið er fyrir þá:

- sem vilja grennast
 - sem vilja koma í veg fyrir að vandamálið endurtaki sig
 - sem vilja forðast offitu og það sem henni fylgir.
- Upplýsingar og innritun í síma 74204.

Kristrún Jóhannsdóttir,
manneldisfræðingur.

Gísli Sigurðsson sýnir að Kjarvalsstöðum:

Sextíu málverk sem öll eru byggð á ljóðum

Í DAG, sumardaginn fyrsta klukkan 3 síðdegis, verður opnað í Kjarvals- sal á Kjarvalsstöðum sýning Gísla Sigurðssonar á 60 málverkum, sem hann hefur málað við jafn mörg ljóð og nefnir sýninguna í samræmi við það: Myndir úr ljóðheimi.

Listmálarar hafa oft sótt föng í ljóð, en þetta mun í fyrsta sinn að efnt er til stórrar sýningar, þar sem einungis er leitað á þessi mið. Lengst burt frá samtíðinni hefur Gísli sótt í Njálu; auk þess er ein mynd byggð á Sólarljóðum frá 13. öld, en með einni undantekningu er allt hitt byggt á ljóðum þessara aldar og eftir íslensk skáld. Í sumum þeirra koma fyrir náttúru- og árstíðalýsingar, í öðrum frásagnir og sum eru súrrealísk.

Gísli Sigurðsson sýndi síðast myndir hér syðra í Norræna húsinu 1978, en síðastliðin þrjú ár hefur hann unnið markvisst að þessari sýningu og hóf verkið með því að leita sér að yrkisefnum í um það bil 200 ljóðabókum. Sýningargestir fá í hendur veglega sýningarskrá, þar sem viðkomandi ljóð eru prentuð, en um það segir Gísli í skránni:

„Þau 60 ljóð, sem ég hef sótt föng í, eru að einhverju eða öllu leyti prentuð í sýningarskránni. Það er gert vegna þess að margir



Ljóm.: Kristján Einarsson.

Gísli Sigurðsson við eitt verka sinna á sýningunni, Martröð, eftir ljóði Kristjáns frá Djúpalek um draum Guðrúnar á Bægisá.

hafa yndi af kveðskap og finnst ef til vill fróðlegt að gæmst ef hvering hægt er að nota skáldskaparmál í myndir. Ljóðin eru hinsvegar ekki birt hér vegna þess að það sé nauðsynlegt sýningarinnar vegna. Umfram allt er myndunum ætlað að vera sjálfstæð verk og þær eiga ekki að þurfa neinar skýringar eða texta

með sér til þess að lifa á sinn myndræna hátt.“

Lesendur Morgunblaðsins þekkja Gísla og verk hans úr Lesbókinni, þar sem hann hefur starfað ásamt með myndlistinni síðastliðin 15 ár. Fyrstu einkasýningu sína hélt hann 1964, en þessi er sú sjöunda og mun hún standa fram til 10. maí.

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

RALEIGH

3, 5, 10, og 12 gíra reiðhjól.

Heimsfræg gæðavara.

Varahluta- og viðgerðarþjónusta á staðnum.

Reiðhjólhandbók Fálkans með leiðbeiningum um notkun og viðhald fylgir öllum Raleigh reiðhjólum.

Útsölastaðir og þjónusta víða um land.

Opið laugardaga til hádegis



FÁLKINN®

SUÐURLANDSBRAUT 8, SÍMI 84670

BEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA